

Ritstjórnarstefna

Tímaritið *Náttúrufræðingurinn* kemur frá og með starfsárinu 2023 út bæði sem hefðbundið prentgagn og í stafrænu formi á vefsetri (slóð: natturufraedingurinn.is). Í tímaritinu er fjallað um náttúrufræði og um náttúru og umhverfi, einkum á Íslandi. Birt er efni sem flokkast á þennan hátt:

I Ritrýndar greinar sem miðla nýrri þekkingu um íslenska náttúru

- Rannsóknargrein – hefðbundin grein um rannsóknir og niðurstöður þeirra sem ekki hafa birst á íslensku.
- Yfirlitsgrein – viðamikil grein um eitthvert af hinum mörgum sviðum náttúrufræðinnar.

II Óritrýnt efni

- Ritstýrðar greinar – stuttar greinar um náttúrufræðileg efni, til dæmis a) um áhugaverð fyrirbæri, b) efni byggt á óbirtum rannsóknarskýrslum, c) frásögn um niðurstöður ritrýndra greina sem birst hafa í erlendum tímaritum.
- Gagnrýni og ritfregnir – um útgefið efni um náttúru Íslands; um bækur, heimildamyndir, vefsíður, smáforrit o.fl.
- Eftirmæli – eftirmæli um náttúrufræðinga.
- Ljósmyndir – ljósmyndir, auk skýringartexta, sem sýna íslenska náttúru og náttúrufræðingum.
- „Ungi náttúrufræðingurinn“ – náttúrufræðilegt efni fyrir nemendur á grunnskólaaldri og/eða hugmyndir að námsefni.

III Efni á vefsetri

- Aðsendar athugasemdir um efni *Náttúrufræðingsins* og áframhaldandi umræða.
- Ítarefni sem styður við efni greina í ritinu, svo sem viðaukar og fleira efni, svo sem myndbönd, hlaðvörp, vefsíður, smáforrit o.fl.
- Almenn efni sem tengist tímabundnum málefnum sem tengjast náttúrufræði og náttúru- og umhverfismálum.
- Viðtöl við náttúrufræðinga o.fl.
- „Ungi náttúrufræðingurinn“ – margvíslegt efni fyrir nemendur og kennara og vettvangur til skoðanaskipta.

Samþykkt af stjórn HÍN, ritstjórn Náttúrufræðingsins og forstöðumanni NMSÍ, sumarið 2021. Endurskoðað í nóvember 2022.